

Varamenn þingmanna Reykjaneskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalagið: Elsa Kristjánsdóttir
 Fyrir Alþýðuflokkinn: Kristín H. Tryggvadóttir
 Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Kristjana Milla Thorsteinsson
 Bragi Michaelsson
 Ellert Eiríksson

Varamenn landskjörinna þingmanna:

Fyrir Alþýðubandalagið: Kjartan Ólafsson
 Fyrir Alþýðuflokkinn: Magnús H. Magnússon
 Árni Gunnarsson
 Sighvatur Björgvinsson
 Fyrir Bandalag jafnaðarmanna: Kristófer Már Kristinsson
 Sjöfn Halldórsdóttir
 Grétar Jónsson
 Fyrir Samtök um kvennalista: Málfríður Sigurðardóttir
 Sigríður Þorvaldsdóttir
 Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Geir Hallgrímsson
 Sturla Böðvarsson

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. maí 1983.

Nr. 467

AUGLÝSING

13. júní 1983

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1983:

Óverkaður saltfiskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 500,00
Millifiskur nr. 1	2 300,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 000,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 850,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. júní 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.